Kvennablaðið kostar 1 kr. 50 au. innanlands, erlendis 2 kr. (65 cent vestanhafs) ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útget. fyrir 1. okt og kaupandi haft borgað að fullu.

20. ár. | Reykjavík, 21. desember 1914. | № 12.

Árni Eiríksson

Austurstræti 6.

Vefnaðarvörur. -- Prjónavörur.

Hreinlætisvörur.

Jólagjafir. -- Jólaskraut.

Hvergi betri afgreiðsla! Hvergi betra verð!

Jólaminning.

Flestir menn munu eiga margar góðar minningar bundnar við jólin, bæði frá unga aldri og fullorðinsárunum. Svo er það einnig fyrir mér.

Enginn skapaður hlutur vakti jafn mikla þrá og löngunarfulla gleði í mínu unga barnshjarta og jólin. Eg var vön að telja dagana til þeirra alt frá veturnóttum. Og margir smáviðburðir frá þeim, læstu sig svo inn í sálu mína, að þeir urðu mér ógleymanlegir. En engan þeirra man eg jafn vel og þann, sem eg vil rifja upp hér.

Það var einmitt á aðfangadagskvöldið. Kirkjuklukkurnar höfðu nýlega boðað frið á jörðu og guðs velþóknun yfir mönnunum. Harður frostsnjór lá eins og hvít líkblæja yfir öllu. Einstaka stjörnur sáust blika milli skýjabólstranna, sem napur, garralegur norðanvindur þeytti til og frá. Allar búðir voru fyrir nokkru lokaðar, og engin umferð var að sjá á götunum nema af kirkjufólkinu, sem var farið að streyma til kirknanna. Flestir gluggar voru uppljómaðir, og víða sáust skuggarnir af skreyttum jólatrjám, sem ekki var farið að kveikja á, á gluggatjöldunum. Öll ljósadýrðin og gleðværðin átti að bíða eftir messulokunum og heimkomu kirkjufólksins.

Eg var gestkomandi hjá fólki, sem eg þekti þar í bænum, Húsbóndinn hafði leyft konu sinni að láta jólatréð standa um kvöldið í skrifstofu sinni, af því þar var rýmst um það, og hægast fyrir börnin að leika sér í kringum það. Nú hjálpuðust bæði hjónin til að skreyta tréð fyrir luktum dyrum, því fyr en komið væri úr kirkju áttu börnin hvorki að sjá það eða fá að kveikja á því.

Þegar þau höfðu lokið við að skreyta tréð, fór húsmóðurin fram í eldhús til að líta eftir matnum, en maður hennar var inni í daglegu stofunni. Lítil dóttir þeirra á að gizka 8 ára gömul kom þá inn hlaupandi og sagði:

„Nú eru allir að fara í kirkjuna. Góði pabbi komdu nú með okkur Sigga. Mamma segist ómögulega mega vera að fara".

„Nei, því nenni eg alls ekki, telpa mín. Heldurðu að eg fari að sitja allan þann tíma hjá ykkur? Eg er aldrei vanur að fara í kirkju á jólunum. — Þá er svo þröngt í kirkjunni", sagði hann og brosti við. „Og svo þarf eg líka að hjálpa mömmu til að kveikja á trénu ykkar. Hún nær ekki upp í toppinn á því eins og eg. Þið getið beðið hana Gunnu að fara með ykkur".

Gleðisvipurinn á andliti litlu stúlkunnar hvarf. Andlitið varð alvarlegt, næstum því raunalegt,

þegar hún sagði: „Já, en Gunna er ekki þú. — Jæja, vilt þú þá fara með okkur, Gunna mín? — Við erum alveg tilhúin. Mig langar svo til að sjá öll ljósin í kirkjunni og heyra fallega söngina".

Eg sagðist gjarna skyldi fara með börnunum. En með sjálfri mér hugsaði eg, að hann væri víst ekki sérlega trúaður húsbóndinn hérna. Mér hafði fundist einhverju slíku hregða fyrir í augum hans.

Við gengum svo öll ofan að kirkjunni. Hún var nýlega opnuð, og slík þrengsli og troðning hefi eg aldrei séð á allri ævi minni. Karlmennirnir tróðust með hnúum og hnefum, börnin æptu og kveinuðu, og kvenfólkið hljóðaði og bað fyrir sér. — Nei, þar var ekki viðlit að komast inn með börnin, og það sáu þau sjálf. Við urðum að snúa heim aftur.

Þegar við komum heim, sáum við dauðadrukkinn mann inni í forstofunni, sem var að ramba þar og rugla eitthvað. Eitthvað af smáfuglunum hafði safnast úti fyrir, og voru að hlæja að manninum. Við flýttum okkur upp.

„Mamma, mamma! það er drukkinn maður í forstofunni", sagði litla telpan þegar við komum upp í borðstofuna. Þar var búið að kveikja á mörgum ljósum og dúka borðið hátíðlega. Móðir þeirra gekk þar um og leit eftir að allt væri í lagi. Maturinn var tilbúinn í eldhúsinu.

„Mamma, maðurinn er blindfullur", sagði Siggi litli, sem nú kom hlaupandi upp á eftir okkur. „Hann er lagstur kylliflatur rétt fyrir neðan stigann".

Húsmóðurin varð mjög alvarleg á svipinn. Hún benti mér að koma með sér fram í eldhús, og sagði:

„Guðrún mín, eg má til með að biðja þig að gera svo vel og finna manninn minn og biðja hann að hafa einhver ráð með að koma manninum burtu. Það er ómögulegt að ganga um fyrir honum. Það má til með að hjálpa honum á fætur og út, reyna að fá hann til að hressa sig upp".

Eg brá við og fór að leita húsbóndans. En krakkarnir höfðu orðið fyrri til og voru þotin öngu á undan mér. En þegar eg kem fram á stigabrúnina þá sé eg engan í forstofunni niðri. En í efri stiganum, sem lá upp á loftið, sá eg hvar húsbóndiun var með fulla manninn í fanginu og krakkarnir á eftir. Húsbóndanum virtist veita það ótrúlega létt að roga þessum stóra drukkna manni hér um bil meðvitundarlausum upp alla stigana og upp í herbergi, þar sem hann lagði hann upp í rúm og breiddi ofan á hann ábreiðu.

Þetta þótti systkinunum ekki ónýtar fréttir. Og áður en eg gat komist inn til að segja húsmóðurinni hvernig farið hefði, voru þau komin ofan stigann og inn í borðstofuna hrópandi og kallandi: „Mamma, mamma! Pabbi tók fulla karlinn og bar hann upp í rúmið stúlknanna. Hann er steinsofnaður"

Eg sá að húsmóðirin leit framan í mann sinn, sem nú kom inn, rólegur og hýr á svipinn, eins og ekkert hefði í skorist.

„En hvað þú ert miklu betri en eg", sagði hún, og tók um hálsinn á honum og kysti hann. „Þetta hefði *mér* aldrei dottið í hug að gera". *Guðrún.*

Dans.

Reykvíkingum bauðst nýlega nýstárleg skemtun — frú Stefanía Guðmundsdóttir sýndi nýtiskudansa.

Skemtu menn sér hið bezta. Rigningin úti fyrir gleymdist og vetrarmyrkrið og jólaannirnar — jafnvel gömlu konurnar vögguðu fætinum eftir hljóðfæraslættinum og mintust þess tíma, þegar þær voru ungar og »kunnu ekki gang, heldur dillandi dans«. —

Þeir eru ekki svo fáir, sem eru dansi móthverfir, og er það undarlegt, þegar gleðin fyllir huga okkar — ólgar og brýtur af sér öll bönd eins og vötn í vorleysingum — þá vildum við fleygja líkamanum, eins og gamalli flík, og fljúga út í sólskinið — en líkaminn er sterkari en svo, að við getum brotist út úr fangelsi hans eftir vild — því mýkist hver dráttur hans og dansar eftir hljóðfalli gleðinnar, — alveg eins og öldurnar rísa og falla og blómin dansa í fanginu á vindinum.

Svo voldug er gleðin.

Dauðinn einn er þögull og kyr — lífið er á sífeldri iðandi rás — þess vegna er dansmærin hofgyðja jarðnesks unaðar. — —

Hamingjan góða — en hvað ég er orðin hátíðleg? Etli að þið vilduð ekki fremur heyra eitthvað um þessa nýju dansa heldur en hlusta á svona heimspekilegar hugleiðingar. Það er nú hægra sagt en gert, því það var svo margt sem brauzt um í kollinum á mér meðan ég var að horfa á dansana og auk þess er erfitt að lýsa þeim.

Þá er fyrst sá frægi »Tango« — sem ég vildi nefna »háskinn ginnir« eða »leiktu þér ekki að eldinum, Lipurtá«. Frú Stefanía dansaði hann auðvitað með þeim yndisþokka, sem altaf fylgir henni — en hvar var eiginlega háskinn, æsingin, ástríðan — hin eilíta barátta milli karls og konu? Þá þótti mér »páfadansinn« fegurri og tilbreytingarmeiri, þegar frú Stefanía sté fyrstu hljóðu sporin í honum, þá

sáum við hvernig ítalska stúlkan læðist út í suðrænu næturdimmuna, sáum stjörnubirtuna, fundum hitann og sterka blómailminn, sem heillar hana og töfrar »eina hverfula nótt, sem hjartað skal muna að dauðastund«. — Tvöfalda sporið (twostep) er leikandi glatt og gáskafult: — »mér er sama nú hvort næ — mér er sama nú hvort næ — nokkru landi eða engu«, — syngur hljóðfærið sigri hrósandi.

En hvað heitir þessi glettni dans? Ta Tao, margra þúsund ára gamall. — Já, mennirnir breytast ekki svo mikið á hverjum þúsund árum. Sjáum við ekki í anda kínverska mandarinn og litlu vinkonuna hans, — það er ekki að sjá að hún sé sárfætt í litlu skónum, — en hvað langa svarta fléttan slæst skringilega í gula silkisloppinn hans, — en hvað skásettu svörtu augun hennar tindra af kæti og glettni, þegar þau spenna saman greipum og benda vísifingrinum ýmist til himins eða jarðar, en löngu gljáandi neglurnar krækjast altaf saman. Það er ekki að furða þó hann gleymi stundum að fylgja bendingunni og líta til himins — og verði heldur litið inn í svörtu augun skásettu.

Frú Stefanía dansaði alla þessa dansa svo mjúkt og yndislega, að unun var á að horfa — en ekki stóðu litlu telpurnar hennar móður sinni að baki, þegar þær dönsuðu hina gömlu menuet. Þá var eins og vorið sjálft liði inn á leiksviðið.

Nú er ég búin að minnast á helztu dansana, nema vals og boston, en ekki get ég neitað því að bezt held ég að mér geðjist að þeim dönsunum — þó þeir séu varla eins »nýmóðins« og hinir. Þeir minna mig altaf á þessa gömlu íslenzku þulu:

»Gott er undir vanga þín,
þar er mjólk og þar er vín,
þar er sól og sumar,
og þar gleðin skín —
og þar er öll ununin mín«.

En auðvitað er það eftir því við hvern er dansað.

Eva.

Hveitið bezta

og annað er þarf til

að búa til góðar

Jólakökur

að ógleymdum nýkomnum

Eggjum

er bezt að kaupa hjá

Jes Zimsen.

Hùsmæður!

Kaupið matvörur, kaffi og sykur til jólanna

í verzl. „VON“ Laugaveg 55.

Vörurnar sendar kaupendum heim ef óskað er.

Talsími 358.

Spil og kerti

hjá

JES ZIMSEN.

Stubbasirz

nýkomið með s.s. Botniu

í verzlun

Ámunda Árnasonar.

Hvítasykur

í toppum, högginn og steyttur —

stórar birgðir

komu nú með „Esbjerg“ til

Jes Zimsen.

Hangikjöt,

ísl. smjör, kæfa, saltkjöt og tólg

hjá

Ámunda Árnasyni.

Hátíðamatur

Takið nú vel eftir!

Nautakjöt, nýtt,

Dilkakjöt, frosið,

Hakkað kjöt,

Kjötfars.

Medister- og Wienerpylsur.

Gæsir. Rjúpur.

Beinlaus svínslæri,

reykt, stór og smá.

Flesk, reykt & saltað.

Rullupylsur, Kæfa.

Hangikjöt,

það besta og ódýrasta í bænum o. fl. o. fl.

Aldrei hefir verslunin verið jafnvel birg af allskonar matvörum og nú — og er þá mikið sagt.

Matarverslun

Tómasar Jónssonar.

Sími 212. Bankastræti 10.

VERZLUNIN

„EDINBORG"

Hvergi betri kaup til Jólanna.

10 pct. afsláttur

á allri

Vefnaðar-, Járn- og Glervöru

frá 15. des. til Jóla.

Margt fallegt og nýtt komið með „Botniu".

Verzl. „EDINBORG".

Verzlunin

Björn Kristjánsson,

Reykjavík, **Vesturgötu 4,**

selur allskonar **VEFNAÐARVÖRUR** af vönduðustu tegundum; litirnir óvenjulega haldgóðir.

Meðal annars má nefna: **Klæði, enskt vaðmál, fatatau** allsk., **kjólatau, svuntutau, sjöl** stór, mikið úrval; **herðasjöl, karlmannaföt, prjónnærföt** fyrir börn og fullorðna o. m. m. fl.

Verðskrá sendist ókeypis þeim er óska.

Við höfum fengið á ný
úrval af Karlmannfötum,
Dömuklæðunum margeftirspurðu,
Dömukamgarn 2.90,
hundruð af Karlmannshúfum
og mörgu fleiru.
Beztu kaupin fyrir jólin
eru í Austurstræti 1,

Ásg. G. Gunnlaugsson & Co.

Útgefandi: **Briet Bjarnhéðinsdóttir.** — Prentsmiðjan Gutenberg.